


Háskóli Íslands – Nám fullorðinna

Skipulagning og framkvæmd fræðslu fyrir fullorðna - NAF002

Verkefni F. Bókarýni



Maí 2018

Kennari: Hróbjartur Árnason

Nemandi: Guðrún Lárusdóttir

Bókfræðilegar upplýsingar


Spalding, Dan (2013). *How to Teach Adults*. Dan Spalding, web-book.

ISBN: 978-0-9887204-1-1

Tilvitnanir í bókina

Við leit fann ég fjórar tilvitnanir í bókina samkvæmt Google Scholar þann 26. apríl 2018:

1. **DeAngelis, Lisa and Sherrey Penney (2015)**. "Teaching Leaders". *Journal of Leadership Education*, Vol. 14, Iss. 4. DOI: 1012806/V14/I4/A3
2. **Jones, Elizabeth A. (2015)** Preparing Dislocated Workers in Delaware for a Career Readiness Credential. A dissertation submitted to the faculty of Wilmington University in partial fulfillment of the requirements for the degree of Doctor of Education In Innovation and Leadership Wilmington University
3. **Fedeli, Monica (2018)**. The student voice in higher education and the implications of promoting faculty development. *Employability & Competence*. Firenze University Press, pp. 25-36.
4. **Hayashi, Christine A. (2016)**. *Educational Leadership and Administration; Hayward* Vol. 27, (Mar 2016): 173-V.



Höfundur bókarinnar

Dan Spalding er af japönskum ættum, alinn upp í Bandaríkjunum og er í dag búsettur í San Francisco. Hann er virkur aðgerðarsinni og þrífst á því að tala fyrir framan fólk. Dan er menntaður í stjórnmálafræði frá Oberlin College í Ohio í Bandaríkjunum og með meistaraþráðu í ensku frá San Francisco State háskólanum, einnig í Bandaríkjunum. Dan leiddist fljótlega út í kennslu. Fyrst byrjaði hann á því að bjóða upp á ókeypis námskeið fyrir undirmálsfólk þar sem fjallað var um almenn réttindin einstaklinga í Bandaríkjunum. Í framhaldinu fór hann að vinna með ýmsum aðilum sem voru í leit að betra lífi í Bandaríkjunum og sóttust eftir dvalar- og atvinnuleyfi. Eitt leiddi af öðru og Dan hefur frá árinu 2002 kennt innflytjendum, aðallega frá Asíu, ensku sem annað tungumál. Þá hefur Dan gert mikið til að aðstoða ýmsa hópa aðgerðarsinna, grasrótahreyfingar og félagsamtök við það hvernig eigi að setja upp formleg félög, skrifstofur, afla fjár, búa til heimasíður o.fl. svo löglegt sé.



Dan hefur því langa reynslu af skólaumhverfi en hann áttaði sig engu að síður á því snemma á sínum kennaraferli að gráða í stjórnmálafræði eða ensku gerði hann ekki hæfan kennara. Hann segir sjálfur í viðtali: „My schooling has taught me that teaching is hard work that can also be fun. Like learning. Like life.“

Bókin hans Spaldings er fyrsta og eina bók höfundar en hann hefur hinsvegar verið mjög virkur í netheimum og skrifað fjöldann allan af styttri og lengri pistlum um ýmis mál sem brenna á honum þá stundina.

Inngangur

Bókina „How to Teach Adults“ er handbók fyrir verðandi og starfandi kennara í fullorðinsfræðslu. Um er að ræða verkfærakistu þar sem fræðilegum forsendum er að mestu gefið frí. Bókin getur einnig nýst mjög vel ýmsum verkefnastjórum í fyrirtækjum eða öðrum aðilum sem hafa mannaforráð og þurfa í vinnu sinni að vera leiðtogar í hópi, þar sem efla þarf samvinnu og samskipti á meðal fullorðinni starfsmanna. Þá getur bók þessi nýst mjög vel þeim leiðtogum sem veljast í það hlutverk að stýra ýmsum félagasamtökum, kórum eða öðrum hópum þar sem fullorðnir einstaklingar koma saman.

Bókin skiptist í tíu kafla sem hver og einn tekur á einum efnisþætti, eins og hvernig eigi að hanna námskeið, hvernig eigi að framkvæma námskeið, hvernig eigi að útbúa námsefni, ýmis verkefni og námsmat og hvernig eigi að eflast sem kennari svo fátt eitt sé nefnt. Hver kafli skiptist síðan niður í marga minni kafla, sem hver og einn nær yfir hálfu til tvær blaðsíður.

Jafnt og þétt í gegnum bókina má finna ýmsar skýringarmyndir og lista. Allt er þetta efni sem lesandinn getur nýtt beint inn í sína kennslu. Þá má finna aftast í bókinni nokkuð af aukaefni eins og listi yfir fræðiorð og skýringar á þeim sem og listi fyrir ítarefni.

Gegnumgangandi í bókinni eru lítil innskot sem annað hvort heita „Quote“, „Hint“ eða „Story“ og fjalla þá um raunveruleg dæmi sem annaðhvort höfundurinn hefur upplifað sjálfur eða hefur haft beina aðkomu að.

Markmið bókarinnar


Markmið bókarinnar er að á einum og sama staðnum megi finna handhægar leiðbeiningar um það hvernig eigi að kenna fullorðnum. Að hver og einn fullorðinsfræðari geti í einu og sömu bókinni fundið öll þau tæki og tól sem til þarf til að gera kennslu fyrir fullorðna áhugaverða og góða, bæði fyrir nemendur og kennara.

Samantekt á innihaldi

Bókin skiptist upp í tíu mismunandi kafla sem hver og einn tekur á einum þætti varðandi kennslu fullorðinna. Hver kafli skiptist síðan niður í minni einingar.

Kafli 1. Undirstaða kennslunnar (Foundations of Teaching).

Kafliinn byggir á einfaldri mynd sem Spalding setur upp. Mynd sem skiptir upp veruleika nemendanna í; þægindaramma (Comfort zone), óþægindaramma (discomfort zone) og viðvörunarsvæði (alarm zone). Hugmyndafræði Spaldings gengur út á að koma bæði þér sem kennara og nemendum út úr þægindarammanum yfir á óþægindarammann en um leið að passa sig að setja nemendur aldrei yfir á viðvörunarsvæðið, því þar líður öllum illa og enging lærdómur verður.



Það að vera sérfræðingur í því fagi sem á að kenna gerir okkur ekki sjálfkrafa að góðum kennurum, það að geta sett sig í spor nemenda er grunnur að góðu námskeiði.

Kafli 2. Hvernig fæ ég vinnu sem kennari (How to Get Started Teaching). Kafliinn gengur mikið út á það hvernig á að koma sér á framfæri sem sjálfsæðum kennara í fullorðinsfræðslu. Hér þurfi að setja sér markmið, leggja mikla vinnu í undirbúning og skipulag.

Kafli 3. Hvernig skal hann námskeiðið þitt (How to Design Your Course). Þessi kafli gengur að miklu leiti út á að setja sér markmið og vinna að markmiðunum. Hugsa hlutina frá upphafi til enda, vita hvert lokatakmarkið á að vera þegar kemur að hönnun námskeiða.

Kafli 4. Hvernig á að framfylgja áætlun (How to Lesson Plan). Fjallað er um formfestu og það að fylgja fyrirframgefnum ferlum sem kennari setur sér. Eins og t.a.m. að hefja alla tíma eins, „kveikja“ nemendum og um leið að enda alla kennsludaga eins, en jafnframt þarf endirinn að vera sterkur þannig að nemendur haldi þræði á milli tíma. Þá setur Spalding fram ýmsa lista sem gott er að nýta sér til að tengja hvern fyrirlestur eða kennslustund við þá sem var á undan og þá sem kemur á eftir. Að nemendur sjái samfellu í náminu. Í kaflanum fer Spalding líka yfir ýmis tækniatriði er snúa að tækni, námsgöngum, nýta söguaðferð og vera óhrædd við að prófa nýja hluti en týna sér þó ekki í tækninni því hún getur svo auðveldlega breyst í að vinna gegn þér.

Kafli 5. Einkunnagjöf og námsmat (Grading & Assessments). Spalding fjallar nokkuð um það erfiða verkefni kennara að vera algerlega hlutlausir og heiðarlegir þegar kemur að námsmati og einkunnagjöf. Spalding skiptir ferli námsmats og einkunnagjafar í raun upp í fimm þrep sem þarf að spyrja sig þegar námsmat er hannað og lagt fyrir: Hagnýti, áreiðanleiki, gildi, sannleikur og sýnileiki. Spalding telur að gildi (Validity) sé það sem eigi að vera rauði þráðurinn í gegnum allt námsmat. Forsenda þess að setja nemendur í próf er að sjá hvort að nemendur hafi raunverulega lært það sem þú ætlaðist til af þeim. Í kaflanum fer Spalding yfir mismunandi aðferðir við að leggja fyrir próf og hvernig hægt er að meta þau.

Kafli 6. Hvernig skal kenna bekknum (How to Run Your Class). Þessi kafli er að mörgu leiti mjög svipaður og kafli 4. Hér gengur allt út á að undirbúa sig sem best, hafa skýr markmið innan hvorrar kennslustundar sem og yfir og á milli kennslustunda. Kafllinn tekur etv meira á því hvernig þú, sem kennari, þarft að byggja upp traust nemenda. Það hvernig tekst til í upphafi setur mark sitt á allt ferlið. Mjög mikilvægt er að nemendur upplifi það að það sé þeirra hagur að sækja tímana hjá þér.

Kafli 7. Hvernig skal setja fram upplýsingar. (How to Present Information). Mestur partur kaflans er settur í umfjöllun á hagnýtum atriðum sem viðkemur t.a.m. uppsetningu á námsgögnum. Hvaða forrit eigi að nota, hvaða letur og hvernig skuli koma námsgögnum til nemenda. Spalding fjallar um mismunandi aðferðir við að fá nemendur til að vinna, sem einstaklinga, í pörum, í hópum o.s.frv. Einnig er honum tíðrætt um þá staðreynd að fullorðnir einstaklingar í dag voru ekki aldir upp við mikla hópavinnu í sínu grunnskólanámi eða að standa upp og flytja erindi eða texta eins og rauði þráðurinn er í gegnum allt leikskóla- og grunnskólastarf í dag. Við erum því oft með nemendur í fullorðinsfræðslunni sem hreinlega hafa aldrei lært námsaðferðir eða námstækni sem við teljum heppilegasta í dag.

Kafli 8. Hvernig skal þróa sig sem fullorðinsfræðara (How to Deveop Your Teachers Persona). Í kaflanum fjallar Spalding mikið um leiðtogafræði. Það sé í raun ekkert virkt lýðræði í kennslustofunni þar sé það þú, sem fullorðinsfræðari eða leiðtogi, sem ert yfirmaðurinn. Um leið tekur Spalding það fram að stjórnun/stjóri og forysta/leiðtogi sé ekki það sama. Stjórnun gengur út á að gera hlutina rétt en forysta að gera réttu hlutina. Fullorðinsfræðari eigi því helst af öllu að vera virkur leiðtogi þar sem saman fari tilfinningalegur leiðtogi, ákvarðanatoka og fyrirmynd. Það sé einnig mikilvægt fyrir alla fullorðinsfræðara að sýna heiðarleika í starfi, vera t.d. tilbúnir að viðurkenna ef þeir hafa ekki rétt svör. Því þegar öllu er á botninn hvolft þá er skólinn fyrir nemendur en ekki fyrir fullorðinsfræðarana.

Kafli 9. Vaxa í starfi (Growing as a Teacher). Á bls. 24 setti Spalding fram mynd sem sýnir kennsluþróunarferli kennara. Um er að ræða hring með þremur þrepum: Kenna (teach), endurspegla (reflect) og áætla (plan). Í kafla níu telur Spalding það farsælt fyrir kennara sem vilja þróast í starfi að standa reglulega fyrir utan þessa mynd. Það sé eitt það alöflugasta verkfæri til að þróast í starfi sé að stunda virka endurskoðun á eigin kennslu og kennsluháttum, vera duglegur að



■ BE HERE

sækja endurmenntun og ráðstefnur og taka á móti kennaranemum, því eins og sagt er „heimskt er heimaalið barn“!

Almennt er ekki hægt að stóla á að allar menntastofnun séu með virkt gæðamat á innviðum skólans og kennslu kennara. Gott sé einnig að vera mjög meðvitaður um þá stofnun sem unnið er hjá, nemendur viti ekki alltaf hvaðan gott og slæmt kemur. Skólar eru mjög háðir stjórnsýslunni, bæði innan skólans og eins sveitafélagi og/eða ríki. Heppilegast er þegar þessir hlutir geta unnið vel saman en að sama skapi getur slæm stjórnsýsla verið banvæn. Slæmur kennari eyðileggur sinn eigin bekk en slæm stjórnsýsla getur skaðað allan skólann. Það er því engu að halda áfram í starfi þar sem manni líður illa, betra að taka stökkið og skipta um vinnustað.

Kafli 10. Framtíð menntunar (The Future of Education). Spalding kallar eftir meira umtali og samtali um menntun. Það er ekki nóg að mótmæla bara því sem við viljum ekki, við þurfum líka framtíðarsýn. Í kaflanum talar Spalding um að samfélag skilgreini menntun á þann veg að það sé það formlega kerfi þar sem samfélagið þjálfar íbúa sína í þau hlutverk sem henta viðkomandi samfélagi. En Spalding kemur líka inn á það að íbúar í hverju samfélagi fyrir sig mótast einnig út frá öðrum þáttum eins og heilbrigðiskerfi, lagaumhverfi o.s.frv. Menntun sé þó engu að síður eina ferlið þar sem hver einstaklingur getur tekið þeim breytingum að eigin ósk og orðið einhver annar. Spalding telur upp ýmis atriði sem hann telur að betur megi fara í menntakerfinu og enn fleiri atriði sem hann telur að hafi misheppnast hrapalega. Að sama skapi kemur hann með tillögu að betrumbótum. Þar ber hæðst sú gagnrýni hans á að kerfið í dag sé vísvitandi að búa til einangraða nemendur sem komi til með að lifa afar einangruðu lífi. Spalding telur því að framtíðar menntakerfi okkar eigi að byggjast á virkri þátttöku nemenda og um leið að undirbúa nemendur undir virkt samfélag sem stóli á virkri þátttöku einstaklinga.

Í upphafi bókarinnar má finna einfalt efnisyfirlit og þakkarræðu. Þar á eftir kemur kafi sem kallast „Kynning“ en þar fjallar Spalding um það hversvegna hann hafi skrifað bókina, en það var þörf hans til að gefa út hagnýta bók sem snéri eingöngu að kennslu fullorðinni, en þá bók, eins og hann vildi hafa hana, hafði hann ekki enn rekist á.

Aftast í bókinni má svo finna lista fyrir kennara varðandi ýmis kennslufræðileg hugtök með stuttum hnitmiðuðum skýringum við hvert hugtak. Þá er annar listi yfir hugtök og skýringar sem er sérsniðin af félagasamtökum hverskonar. Einnig má finna í lokin lista yfir ítarefni, lista yfir þakkir og atriðaskrá.

Styrkleikar

Bókin er skrifuð á mjög meðfærilegri og auðlesinni ensku, hún er uppfull af léttleika og skemmtilegum tilvísunum eins og t.a.m. í bíómyndir og sjónvarpsþætti. Hún er sett upp á mjög skipulagðan máta, stuttir kaflar sem innihalda stutta og hnitmiðaða undirkafla. Heiti hvers kafla fyrir sig eru mjög lýsandi fyrir það sem koma skal hverju sinni.

Bókin hefur skýr markmið, að vera handbók fyrir leiðtoga/fullorðinsfræðara. Bókin fjallar því lítið sem ekkert um formlegar rannsóknir á kennslufræðilegum nálgunum eða öðrum fræðilegum nálgunum þegar kemur að samskiptum kennara og nemenda. Í raun má etv líkja þessu við þær handbækur sem fylgja öllum bílum. Þær fjalla eingöngu um beina notkun bílsins, eins og hvar sé að finna tjakk og varadekk og hvernig skipta eigi um dekk. Að sama skapi fjalla handbækurnar ekkert um það hvernig vélfræðin við drifskaft virkar né hvernig gera skuli við bilað drifskaft.

Höfundurinn er mjög einlægur og opin í sínum skrifum, um leið og hann setur fram staðhæfingar þá tekur hann fram að hann sé ekki að setja fram einhvern sannleika eða hina gullnu reglu. Þetta kristallast vel í lok bókarinnar því á bls. 151 skrifar hann að allt það sem hann hafi sagt og skrifað í bókinni sé rangt! Í beinu framhaldi útskýrir hann þessa staðhæfingu sína og tekur það fram að það sem hentar einum henti ekki endilega öðrum.

Bókin er eins og ein stór verkfærakista, þarna er hægt að finna lista og töflur um ótalþætti þegar kemur að kennslu og því sem henni fylgir. Inn á milli eru einfaldar myndir sem tengja vel saman umfjöllunarefnið og eigin hugsanir. Höfundur týnir sér ekki í orðaflaumi um einfaldar staðreyrnir, hann kemur sér beint að efninu og er óhræddur við að segja sína hlið á málinu.

Gegnumgangandi í gegnum bókina má finna stuttar frásagnir og fullyrðingar sem eru flokkaðar ýmist sem; tilvitnun (quote), vísbending (hint) eða saga (story). Þessi innslög eru flest öll mjög gagnleg og tengja innihald bókarinnar vel við raunveruleikann.

Umfram allt er bókin sett upp sem heiðarleg frásögn fyrirlesara sem setur sig ekki á háan stall. Spalding kemur hreint fram og er fús til að viðurkenna eigin mistök og miðla af reynslu sinni. Spalding kemur inn á mörg mismunandi atriði sem erfitt er að kenna í kennaranámi en eru að engu síður mjög nauðsynleg.

Veikleikar

Bókin er eins og áður hefur komið fram sett upp sem handbók fyrir leiðbeinendur. Það vantar því etv að koma inn með ákveðinn kennslufræðilegan rökstuðning fyrir þeim aðferðum sem Spalding fjallar um. Um leið verður bókin etv aðeins of lausbeisluð og óformleg. Inn á milli eru því í raun atriði sem stangast á. Á bls. 96 leggur Spalding t.d. áherslu á að kennari spyrji nemendur alltaf að því hvað þeir vilji læra, hvaða efnistöð eigi að vera og hvað nemendur vilji fá út úr náminu. Á bls. 120 segir Spalding að í kennslustofu ríki í raun aldrei neitt lýðræði þar sé það kennarinn sem sé leiðtogi og stjórnir því sem fram fer, það sé í raun grunnur að farsælu kennarastarfi að „Own the room“, eða eins og sagt er í íþróttapjálfun að „missa aldrei klefann“!

Spalding er kennari í Bandaríkjunum og hefur kennt þar innflytjendum m.a. ensku sem annað tungumál. Bókin miðar því mjög mikið að nemendum sem koma úr amerísku samfélagi innflytjenda og sækja námskeið sem ná yfir lengri tíma. Bókin tekur lítið á styttri námskeiðum eða öðrum hópum fullorðinna sem sækja sér endurmenntun eins og t.a.m. háskólamenntaðir einstaklingar.

Spalding er mjög upptekinn af öllum undirbúningi, að hafa allt á hreinu áður en mætt er í fyrstu kennslustundina, allt frá því hvar leggja skuli bílnum sínum, yfir í það hvaða félagslegu úrræði eru fyrir hendi þegar kemur að nemendum. Enn og aftur taka þessar ráðleggingar hjá honum of mikið mið af milljónaborgum og kennslu jaðarhópa þar sem að nemendur eru oftast en ekki skikkaðir inn á námskeið en koma ekki af fúsum og frjálsum vilja. Þá er alltaf hætta á því að kennari tapi þræðinum í hinni raunverulegu kennslu ef hann hefur þá þegar fastneglt öll sín skref niður á blað og gleymir að gera ráð fyrir „hinu óvænta“!

Við lestur bókarinnar rekur maður sig fljótlega á þá augljósu staðreynd að bókin er ekki staðfærð upp á íslenskan markað. Spalding leggur t.d. mikla áherslu á heimanám nemenda sem er ekki raunin í allri fullorðinsfræðslu og í raun ekki raunhæft alltaf. Einnig leggur hann mikla áherslu á samskipti og samtala nemenda, sem er heldur ekki raunin alltaf. Umræðan er oftast en ekki sú að fullorðinsfræðarar eru í kappi við tímann við að koma efni námskeiðsins til nemendanna og hafa því ekki, eða gefa sér ekki tíma fyrir hagnýta hluti eins og að kynnst nemendum, láta nemendur kynnst, skipta út kennsluáðferðum o.s.frv. Það vantar alveg inn í bókina kafla um það hvernig finna eigi jafnvægi á milli fræðilega hlutans (það efni sem kenna á) og kennslufræðinnar án þess að nemendur upplifi eins og þeir fái bara hálf námskeið.

Þá er heimur rafráða í Bandaríkjunum langt á undan markaðnum hér á landi. Spalding er talsmaður þess að allt námsefni sé aðgengilegt nemendum á vefnum og þeim að kostnaðarlausu. Hugsunin er frábær en í þessu ferli má ekki gleyma framlagi höfundarins sem ekki má vanmeta til launa.

Niðurstaða

Bókin heitir „How to Teach Adults“ með undirtitilinn „Get a job. Plan your class. Teach your students. Change the world“. Heiti bókarinnar er mjög stórt og yfirgripsmikið, að mörgu leiti tekst Dan Spalding vel upp við að búa til hraðlesna, hagnýta handbók fyrir fullorðinsfræðara. Bókin ristir þó ekki djúpt þegar kemur að kennslufræðilegri nálgun. Bókin er einnig mjög staðbundin við ákveðinn flokk námskeiða og hóp nemenda í Bandaríkjunum og spurning hvort hún ætti heldur að heita „How to Teach Adults in America“ eða „How to Teach Adult immigrants“

Ég hafði engu að síður mjög gaman af því að lesa bókina og hafði af henni heilmikið gagn. Það er nefnilega svo mikið sannleikskorn í því sem Spalding segir út í gegnum bókina að við getum aldrei náð því að verða fullkomnir kennarar, við erum alltaf að læra og við eigum að leggja okkur fram um að lesa allt sem við komumst yfir og kynna okkur allt sem við getum kynnt okkur. Einkenni góðra kennara sé einmitt það að vera tilbúnir til að læra og lifa út lífið og viðurkenna það fyrir okkur sjálfum að við kunnum ekki allt. Undir lok bókarinnar segir Spalding „*If you see teaching that's different from what I've put forth, please give it a chance. And if you teach differently from how I suggest, and it works for your students, please don't assume that I think you're full of it. I probably just don't know how to do what you do yet!*“

Bókarýnin er unnin aðallega út frá e.f. leiðbeiningum:

1. Inside higher ed, Writing Academic Book Reviews. Sótt af:
<https://www.insidehighered.com/advice/2015/03/27/essay-writing-academic-book-reviews>

Einnig er stuðst við e.f. leiðbeiningar:

2. History: How to write a critical book review. Sótt af:
<https://apps.carleton.edu/curricular/history/resources/study/criticalbookreview/>